

LÖG

um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963,
um byggingarsjóð aldraðs fólks.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks, nr. 49 20. apríl 1963, falli úr gildi.

2. gr.

Eignir byggingarsjóðs aldraðs fólks og útistandandi kröfur skulu skiptast að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraðra og byggingarsjóðs hjúkunarheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Samkvæmt málsgrein þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir. Lífeyrisdeild metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Barnið sjálft sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 17. gr. barnalaganna,

nr. 9 frá 15. apríl 1981, eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá tryggingaráði heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmanni er stundar sannanlegt nám samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. mars 1987.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnhildur Helgadóttir.***L Ö G**

**um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra
sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1997.

Ágóði happdrættisins skal reyna til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustubúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.

2. gr.

Orðin „og afhending fjárins til byggingarsjóðs aldraðs fólks“ í 5. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

*Gjört í Reykjavík, 26. mars 1987.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Helgason.